



# „Það væri glapræði hjá okkur að spá ekki í þetta“

Móttökuáætlanir tvítyngdra nemenda í fjórum grunnskólum á  
Íslandi

Lilja Guðmundsdóttir

Október 2018

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



**„Það væri glapræði hjá okkur að spá ekki í þetta“**

***Móttökuáætlanir tvítýngdra nemenda í fjórum grunnskólum á Íslandi***

Lilja Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Sigurður Konráðsson

Deild faggreinakennslu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Október 2018

„Það væri glapræði hjá okkur að spá ekki í þetta“ Móttökuáætlanir  
tvítýngdra nemenda í fjórum grunnskólum á Íslandi.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs  
í grunnskólakennarafræði við deild faggreinakennslu,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2018, Lilja Guðmundsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

## Formáli

Þessi ritgerð er 30 ECTS-eininga meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að kanna skilyrði og tilhögun móttökuáætlana fyrir tvítyngda nemendur í fjórum grunnskólum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Leiðbeinandi verkefnisins var Sigurður Konráðsson prófessor og færi ég honum verðskuldaðar þakkir fyrir gagnlega leiðsögn og almenna hjálp við verkefnið. Sérfræðingur verkefnisins var Sigríður Ólafsdóttir og vil ég þakka henni kærlega fyrir gagnlegar athugasemdir, gagnrýni og yfirllestur. Einnig vil ég þakka Kristínu Eddu Búadóttur kærlega fyrir yfirllestur verkefnisins. Að lokum vil ég þakka fjölskyldumeðlimum fyrir þolinmæði og góðan stuðning meðan á verkinu stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 28. maí 2018.

*Lilja Guðmundsdóttir*



# Ágrip

Íslenskt samfélag er síbreytilegt og á undanförunum árum hefur menningarleg fjölbreytni aukist svo um munar. Tvítyngdum nemendum fjölga hratt í skólum landsins og því er mikilvægt að tekið sé vel á móti þeim og að þeir fái tækifæri til þess að afla sér menntunar og verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna móttökuáætlanir fyrir tvítyngda nemendur í fjórum grunnskólum á landinu. Markmiðið með rannsókninni er að skilja hvernig móttökuáætlanir fyrir tvítyngda nemendur í grunnskólum eru settar upp, hvort þær séu til staðar í skólunum og hvort þeim sé fylgt eftir. Rætt var við skólastjórnendur í fjórum skólum bæði á landsbyggðinni og höfuðborginni, auk kennara og/eða sérkennara í hverjum skóla fyrir sig. Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við alla viðmælendur. Viðtalsrammanum var skipt niður eftir því hvort rætt var við kennara eða skólastjórnanda. Viðtalsramminn innihélt 8-12 spurningar.

Móttaka tvítyngdra nemenda er misjöfn eftir skólum en í þremur af þeim fjórum skólum sem rætt var við var engin formleg móttaka fyrir tvítyngda nemendur sérstaklega. Nemendur fengu allir góðar viðtökur en ekki var alltaf farið í formleg atriði eins og bakgrunn og almenna gagnaöflun um nemandann. Í aðeins einum skólanum voru foreldrar og nemendur tvítyngdra boðaðir í svokallað móttökuviðtal áður en nemendur hófu nám við skólann. Allir viðmælendur voru þó sammála um að bæta þyrfti móttökuna. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á hvernig móttökuáætlanir þessara skóla fyrir tvítyngda nemendur eru og hvað sé hægt að gera til að bæta þær. Í ljósi niðurstaðnanna og mikilvægi rannsóknarefnisins væri áhugavert að gera aðra rannsókn síðar og athuga hver staða tvítyngdra nemenda sem útskrifast úr þessum skólum verður og hvort móttaka og íslenskukennslan hafi haft áhrif á það. Einnig væri hægt að nýta inntak þessarar rannsóknar í að skoða móttökuáætlanir á öllu landinu og bera saman.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að bæta þyrfti almennt móttökuáætlun fyrir tvítyngda nemendur og gera áætlunina formlega og markvissari. Útbúa þyrfti helst plagg sem dregið væri upp þegar tvítyngdur nemandi kæmi í skólann með spurningum um bakgrunn og þess háttar, líkt og er sýnt í handbók Reykjavíkurborgar um móttöku innflytjenda.

Allir viðmælendur frá skólunum voru þó á því máli að tekið væri vel á móti öllum nemendum sem kæmu í skólann en vantaði aðallega markvissari gagnaöflun um nemandann.



## **Abstract**

**“It would be nonsense if we wouldnt care about this” Reception programs in four primary schools in Iceland.**

Icelandic society is ever changing, and cultural multiplicity has been increasing over the recent years. Bilingualism has grown rapidly in the Icelandic schools, and it is important that these students receive a proper reception and that they get the opportunity to gain education and become active participants in society.

The purpose of the study was to examine reception programs for bilingual students in four Icelandic primary schools. The aim of the study was to understand how reception for bilingual students is, whether the schools follow its reception plans and how. Four schools agreed to participate in the study and in each school the principle and one or two teachers were interviewed individually by using a semi-structured interview approach.

The questions were divided into two categories whether it concerned a teacher or the principle. Each category contained 8-12 questions.

The reception of bilingual students differs between schools, but in four of the five schools discussed there was no formal reception for bilingual students and they do not always follow a specific reception program. Only one of the schools invited parents and students in a so-called reception interview before students started at the school. However, all interviewees agreed that the reception program was necessary.

The results of the study highlight the reception programs of these schools for bilingual students and what can be done to improve them. In light of the results and the importance of the research material, it would be interesting to do another research and explore where bilingual students who graduated from these schools were present and whether the reception and the Icelandic education had affected it. This study could also be used to review reception programs across the country and compare.

The main findings of the study were that all four schools wanted to improve the generalized reception program for bilingual students and make the program formal and more targeted. There should be a format that schools would use everytime that a bilingual student

came to school equipped with questions about his or hers background as shown in the Reykjavík handbooks for immigrants.

All the schools were, however, in favor of welcoming all students attending school but lacking mainly targeted data gathering about the student.

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
<b>Ágrip</b> .....	<b>5</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>7</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>9</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>11</b>
<b>2 Fræðilegur bakgrunnur</b> .....	<b>13</b>
2.1 Tvítýngi.....	13
2.2. Tvítýngi í grunnskólum .....	14
2.3. Móttaka tvítýngdra nemenda.....	16
2.3.1. Móttökuáætlanir grunnskóla .....	18
2.3.2. Lög og reglugerðir .....	21
<b>3 Rannsókn</b> .....	<b>23</b>
3.1 Eigindleg aðferðafræði .....	23
3.2 Viðtöl.....	24
3.3 Undirbúningur og val á viðmælendum.....	25
3.3.1 Akaskóli.....	26
3.3.2 Bolaskóli .....	26
3.3.3 Hellaskóli .....	27
3.3.4 Káraskóli .....	27
3.4 Öflun gagna og gagnagreining .....	28
3.5 Siðferðislegir þættir .....	29
<b>4 Niðurstöður</b> .....	<b>31</b>
4.1 Móttaka tvítýngdra nemenda.....	31
4.2 Kennsla tvítýngdra .....	34
4.3 Breytingar á móttökuáætlun skólanna .....	38
4.4 Samantekt .....	41
<b>5 Umræða</b> .....	<b>43</b>
5.1 Móttaka tvítýngdra nemenda .....	43
5.2 Kennsla tvítýngdra .....	45
5.3 Breytingar á móttökuáætlun skólanna .....	46
5.4 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar .....	47
<b>Niðurlag</b> .....	<b>49</b>

**Heimildaskrá..... 51**

# 1 Inngangur

Í íslenskum grunnskólum hefur nemendum með annað móðurmál en íslensku fjölgað mikið og hefur því nemendum sem fá stuðning vegna íslenskunáms einnig fjölgað, þessum nemendum hefur síðastliðinn fimm ár fjölgað um meira en helming eða um 64,6% (Hagstofa Íslands, 2016). Í flestum, ef ekki öllum grunnskólum er stefna þeirra að efla nemendur sem einstaklinga og virkja þá til þess að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem er stöðugt að breytast. Stofnanir samfélagsins verða að haga starfsemi sinni miðað við breyttar aðstæður. Grunnskólinn er þar engin undantekning.

Í lögum og reglugerðum sem eru í gildi hérlandis er gert ráð fyrir að tvítyngd börn hafi sama rétt til náms og önnur börn í leikskólum og grunnskólum landsins. Í ritgerð þessari verður leitast við að kanna hvernig móttökuáætlanir grunnskóla eru, hvort þeim sé fylgt eftir og hvernig íslensk skólastefna og áherslur í Aðalnámskrá grunnskólanna kveða á um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar sem gerir ráð fyrir að tekið sé mið af námsþörfum allra barna í öllu skólastarfi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls.22).

Skóli er vettvangur þar sem hafa þarf í huga ólíkar skoðanir og þarfir nemenda. Ekki koma allir nemendur frá sömu menningarsvæðum og búa þeir því yfir ólíkri reynslu. Mikilvægt er því fyrir skólasamfélagið að hafa sveigjanleika í fyrirrúmi til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000, bls.7).

Í ritgerðinni er tilgangurinn að leitast við að varpa ljósi á hvernig staðið er að móttöku tvítyngdra nemenda í grunnskólum á Íslandi, hvort móttökuáætlunum skólanna sé fylgt eftir og hvernig. Ritgerðinni er skipt upp í fjóra megin kafla, fyrstur er fræðilegur kafli, þar á eftir er kafli um aðferðafræði rannsóknarinnar og einkenni hennar, niðurstöðukaflinn þar sem megin niðurstöður eru settar fram og síðan umræðukafla þar sem fjallað er um niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við fræðilega kafla hennar. Í niðurlagi ritgerðarinnar eru settar fram hugsanir og vangaveltur um niðurstöðurnar ásamt tillögum um hvernig hægt væri að nýta rannsóknina áfram. Rannsóknarspurningarnar sem leitast var við að svara voru; Hve margir af fjórum skólunum eru með móttökuáætlun? Að hve miklu leyti fara þeir eftir henni?



## 2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður farið yfir skilgreiningar á hugtakinu tvítyngi og fjallað um hugtakið sjálft. Fjallað verður um tvítyngi bæði í tengslum við skólastarf og móttöku tvítyngdra í grunnskólum. Farið verður yfir lög og reglugerðir varðandi móttöku tvítyngdra nemenda í skólum og niðurstöður fyrri rannsókna um efnið.

### 2.1 Tvítyngi

Tvítyngi er mun algengara en margir halda, en talið er að yfir helmingur íbúa heimsins séu tvítyngdir. Um sexþúsund tungumál eru töluð í 150 löndum og kemur það mörgum á óvart þar sem flestir halda að það að nota tvö tungumál sé undantekning frekar en regla. (Esch-Harding og Riley, 2003, bls. 28). Þrátt fyrir að mikill meirihluti jarðbúa sé tvítyngdur virðist staða þeirra mun lakari og minna metin í heiminum en þeirra sem eru eintyngdir.

Sú skilgreining á tvítyngi þar sem miðað er við uppruna og að tvítyngi sé kunnátta í tveimur málum til jafns við innfædda, var fyrst kynnt af bandaríska málvísindamanninum Leonard Bloomfield árið 1933. Þessi skilgreining er þó takmörkuð þar sem erfitt getur verið að benda á tvítyngda manneskju ef fylgja á henni út í ystu æsar. (Þórdís Gísladóttir, 2004, bls. 147).

Tvítyngi hefur síðan þá verið skilgreint með ýmsum hætti. Sumir fræðimenn nota hugtakið eingöngu um þá sem alist hafa upp við tvö tungumál frá unga aldri, og er þá oft miðað við þriggja ára aldur þótt deila megi um rökin fyrir því. Einnig er algengt að gerður sé greinarmunur á þeim sem læra málin tvö samtímis og þeim sem ná tökum á einu máli áður en þeir bæta næsta máli við. (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 102). Rannsóknin hér að neðan snýr að nemendum sem hafa náð tökum á einu máli og eru að hefja lærdóm á viðbótarmáli.

Tvítyngi hefur einnig verið skilgreint sem færni í að nota tvö tungumál og geta átt í mannlegum samskipum á báðum tungumálum (Ingibjörg Hafstað, 1997, bls. 9). Skilgreiningar fræðimanna eru ólíkar að því leyttinu að misjafnt er talið hversu mikið þarf að kunna í máli til að geta talist tvítyngdur. Mikilvægt er að hafa í huga að tvítyngdir geta verið afar misleitir hópur, misjafnt er að hve miklu leyti fólk býr yfir tvítyngishæfileika og má líta svo á að fólk sé ekki annað hvort tvítyngt eða ekki heldur sé tvítyngishæfni betur lýst sem rófi sem spannar

kunnáttu á máli. (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls.103)

Rannsóknir benda til þess að tvítyngd börn geti oftast en ekki þróað með sér meiri sveigjanleika í hugsun sinni með því að vinna úr upplýsingum á tveimur mismunandi tungumálum. Það getur því falið í sér marga kosti og tækifæri að vera tvítyngdur. Einnig hefur tvítyngi góð áhrif á samskiptafærni og gefur fólki víðari sýn inn í fleiri menningarheima. Það skiptir þí höfuðmáli að mati Cummins (2003) að einstaklingur sé fær á móðurmáli til að ná góðum tókum á öðru máli. Tungumálaþekking getur þar afleiðandi aukið samskiptafærni og möguleika þess að starfa í tveimur tungumálaheimum og er því afar mikilvæg. Þetta samsvarast vel með því sem Colin Baker (2000) skrifar en samkvæmt honum er raunveruleikinn sjaldnast sá að einstaklingur öðlist jafna færni í hlustun, skrift, tali og lestri á fleiri en einu tungumáli. Annað tungumálið mun alltaf vera lakara og færni einstaklings minni á því máli. Tvítyngishæfni fólks getur því verið breytileg og misjöfn. Allt frá því að einstaklingar séu góðir að hlusta og skilja en tala ekki málið, tala málið en ekki skrifa á málinu og allt þar á milli. (bls. 5). Samkvæmt kafla Elínar Þallar Þórðardóttur (2007) litast málkunnátta fólks af því umhverfi þar sem málið var lært og því sem helst er talað um á hvoru máli. Hjá tvítyngdum börnum geta aðstæður haft áhrif á hvaða tungumál er ríkjandi. Til dæmis börn sem alast upp við eitt mál heima og annað í skólanum, ráðandi málið getur því breyst með tímanum og þá sérstaklega hjá börnum sem læra sitt annað tungumál fyrst við skólagöngu (bls. 103).

Raunin er sú að það er nánast ógerlegt að skilgreina tvítyngi út frá málfærni, máltöku eða málnotkun, því það hafa ekki allir tvítyngdir lært málin samtímis né heldur er málnotkun stöðug og jafndreifð. Í daglegu lífi nota mörg málsamfélög að jafnaði tvö eða fleiri tungumál, því er erfitt að skilgreina tvítyngi á einhvern einn hátt. (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008, bls. 18).

## **2.2. Tvítyngi í grunnskólum**

Skóli án aðgreiningar er stefna skóla á Íslandi og miðast við fjölbreyttan hóp nemenda. Hún er fyrir alla nemendur og á að einkenna nútíma samfélag (Ólafur Páll Jónsson, 2011, bls. 116).



Skólakerfið þarf að bregðast við fjölbreyttum nemendahópi og skoða þá þætti sem vitað er að hafi jákvæð áhrif á þróun tvítýngis og byggja á þeim fræðilega grunni stefnu í móttöku og menntun tvítýngdra. Margir þættir hafa áhrif á þróun tvítýngis en vert er fyrir skólasamfélagið að skoða þá þætti sem hafa haft góð áhrif á máltöku nýs máls. (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008, bls. 17).

Eins og áður hefur verið nefnt verður tvítýngi til við ýmsar aðstæður og málhæfni tvítýngdra barna dreifist með ýmsu móti á málin á hverjum tíma. Aðsæður eru mismunandi og er því mikilvægt fyrir kennara að hafa hugfast að mikill einstaklingsmunur er á málkunnáttu og málnotkun tvítýngdra barna. Það getur því verið mikil áskorun fyrir kennara að skipuleggja kennslu þessara nemenda og skoða þarf stöðu hvers og eins áður en kennsla þeirra er skipulögð. (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 104). Til þess að vinna á árangursríkan hátt með tvítýngdum nemendum þurfa kennarar öflugan skilning á tvítýngi og kennsluaðferðum þess. Oft vantar í skóla að kennarar hafi þekkingu til þess að kenna tvítýngdum börnum, kennarar eru lykilaðilar þegar kemur að því að skapa námstækifæri og það er þeirra að sjá til þess að nemendur hafi sömu námstækifæri (Palmer og Martínez, 2013, bls. 269).

Í grein Birnu Arnbjörnsdóttur (2000) kemur fram að hafa þarf í huga ólíkar skoðanir og þarfir nemenda. Ekki koma allir nemendur frá sömu menningarsvæðum og búa því yfir ólíkri reynslu. Mikilvægt er því fyrir skólasamfélagið að hafa sveigjanleika í fyrirrúmi til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. (bls 11-15). Það getur verið áskorun fyrir nemendur sem koma frá öðru landi og öðrum menningarheim að læra á skólasamfélagið. Þá sérstaklega fyrir þá neinstaklinga sem hafa fengið takmarkaða kennslu í móðurmáli sínu. Þeir sem nemendur þurfa ekki aðeins að vera tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu heldur þurfa kennarar að vera með markvissa og vel skipulagða kennslu í öðru máli. Þessir nemendur þurfa ekki einungis að fá kennslu sem tekur mið af hvar þeir eru staddir í málinu heldur verður einnig að leggja áherslu á kennslu sem heldur þeim nokkurnvegin á sama hraða í náminu og jafnaldrar þeirra. (Coelho, 2012, bls 14). Viðhorf og væntingar kennara og trú þeirra á eigin getu í kennslu fjölbreyttra barnahópa er grundvallaratriði, auk þekkingar þeirra á fjölbreyttum kennsluháttum og aðferðum. (Heimurinn er hér, 2014, bls. 9). Nám án aðgreiningar er skólastarf sem undirbúr alla nemendur undir það að styðja hvert annað og vinna saman í bæði vinnu og samfélaginu. (Sapon- Shevin, 2007, bls. 69-71).

Mikilvægt er einnig fyrir skólana að þróa samtal við alla foreldra sem tekur tillit til

mismunandi menningarbakgrunns, þekkingar og fjölbreytileika fjölskyldna. Gott samband skóla og heimilis er talið hafa jákvæð áhrif á nám barna (Heimurinn er hér, 2014, bls. 14).

### 2.3. Móttaka tvítyngdra nemenda

Samkvæmt íslenskum grunnskólalögum skulu grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu almennt, og/eða hefja nám sitt í fyrsta sinn hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og greint frá rétti þeirra til túlkajónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf (Lög um grunnskóla 91/2008).

Mikilvægt er fyrir skóla að leggja áherslu á að efla íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku. Með kennslunni er stefnt að því að bæta hæfni þessara nemenda í íslensku og að þeir geti stundað nám í grunnskólum sem er meginforsenda þess að börn verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Börn sem eru að læra íslensku sem annað mál þurfa mörg og fjölbreytt tækifæri til að hlusta á og nota íslensku í samskiptum við jafnaldra og fullorðna. En til þess að ná góðum tókum á íslenskunni er mikilvægt að hafa góð tók á móðumálinu, það getur haft grundvallaráhrif.

Þegar kemur að móttöku erlendra nemenda er mikilvægt að hugað sé vel að foreldrasamstarfi. Rannsóknir sýna að gott foreldrasamstarf er oft lykill að árangri barna í náminu, þessvegna er mikilvægt að skólinn finni leiðir til þess að allir foreldrar hafi tækifæri til að fylgjast með og hafa áhrif á nám barna sinna. Einnig eiga foreldrar rætur í ólíkri menningu og geta átt það til að vera óöruggir gagnvart íslenskri skólamenningu og námi barna sinna. Því er mikilvægt að skólar finni leiðir sem henta þörfum foreldra og hafi góð samskipti við þá. Erlendir foreldrar eiga rétt á túlkajónustu en sú þjónusta getur aðstoðað mikið við að tryggja upplýsingaflæði frá skólum til foreldra og öfugt. Einnig er mikilvægt að skólinn stuðli að góðri aðlögun tvítyngdu nemendanna og fjölskyldum þeirra og tengi saman fjölskyldur nemenda (Heimurinn er hér, 2014, bls. 11-19).

Í grunnskólum er móttaka tvítyngdra afar mismunandi og fer algjörlega eftir skólum og hversu langt sá skóli er kominn í að þróa móttökufærlið hjá sér. Móttökudeildir eru víða í skólum en aðalmarkmið móttökudeilda í dag er að kenna íslensku sem annað mál svo að nemendur geti nýtt málið í daglegu lífi. Markmiðið er einnig að stuðla að því að nemendur kynnist íslensku skólakerfi og samfélagi og geti orðið virkir þátttakendur í hvoru tveggja. Misjafnt er hversu lengi nemendur eru í móttökudeildunum en kennari þarf að meta aðstæður hvers nemanda, sum eiga að baki hræðilega lífeynslu og þurfa skjól á meðan aðrir koma tilbúnir í að takast á við skólastarfið af fullum krafti, og allt þar á milli. Mikilvægt er að kennari geri sér grein fyrir aðstæðum hvers og eins og meti út frá þeim.

Samkvæmt Coelho (1998) eru móttökudeildir sérstaklega hugsaðar fyrir nemendur með annað móðurmál en það sem ríkir í skólaumhverfinu og er námið því eftir því. Þá nefnir hún að móttökudeildirnar hafi bæði kosti og galla og að skipulagið sé oft frábrugðið hefðbundnu skólastarfi. Tvítyngdir nemendur þurfa því oft fyrst að aðlagast móttökudeildinni og síðan þegar þar að kemur aðlagast bekknum. Annar fylgikvilli og ókostur við að hafa móttökudeild er að nemendur missa af tækifærum til að nota samskipti við bekkjarfélagana til þess að læra málið. Samskipti við bekkjarfélagana geta skipt sköpum fyrir líðan í skólanum og því mikilvægt fyrir skóla að reyna að stuðla að eins miklum samskiptum milli bekkjarfélaga og hægt er. Það væri til dæmis hægt í íþróttum eða list- og verkgreinum. Umsjónarkennarar þurfa að gera sér grein fyrir þegar tvítyngdir nemendur koma úr móttökudeildum inn í bekk að námið er rétt að byrja og starfinu ekki lokið. Þá þurfa kennarar að finna leið til þess að þróa færni nemendanna í öðru máli. Oft hafa bæði foreldrar og nemendur áhyggjur af því að vera þeirra í móttökudeildinni hafi áhrif á framvindu þeirra í námi í samanburði við jafnaldra. Því er einnig mikilvægt að reyna finna styrkleika nemendanna og hvetja þá í námi svo þeir dragist ekki aftur úr. Móttökudeildir hafa þann kost að þær koma vel til móts við ólíkar þarfir hvers og eins nemanda og þá ekki síst þeirra nemenda sem hafa misst úr skóla í heimalandi sínu til lengri eða skemmri tíma (bls. 82-83).

Birna Arnbjörnsdóttir (2010) fjallar um að sjálfsmýnd barna geti haft afgerandi áhrif á hversu mikilli færni þau ná í öðru máli. Þá þarf að styrkja og efla sjálfsmýnd þeirra og félagslega hæfni jafnt sem að auka þekkingu á tungumálinu. Samskipti í skólanum og heima fyrir geta haft áhrif á námsárangur.

Samskipti milli skóla og heimilis geta verið vandasöm og flókin. Skólinn verður að hafa í huga að foreldrar séu ólíkir og oft getur verið gott að setja sig í þeirra spor. Eins og fram hefur

komið er samstarf við foreldra góð leið til að efla börnin bæði námslega og félagslega. Kennarar þurfa að hafa í huga menningarlega fjölbreytni og koma fram af hreinskilni og heilindum. (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010, bls. 279)

### **2.3.1. Móttökuáætlanir grunnskóla**

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er að finna atriði sem grunnskólar þurfa að hafa í huga þegar þeir móta áætlun sína um móttöku fyrir tvítýngda nemendur. Móttökuáætlunir eru mismunandi eftir skólum en þessi atriði ættu að vera efst á lista:

- Foreldrasamstarf, tryggja upplýsingaflæði til foreldra um, hvaða þjónusta er í boði, hvaða samskiptaleiðir séu og um reglur skólans.
- Bakgrunnsupplýsingar um nemanda, aðstæður foreldra og almennar upplýsingar.
- Upplýsingar til bæði foreldra og nemenda um starfsemi skólans utan hefðbundinnar kennslu, svo sem, félags- og tómstundastarf, lengda viðveru og íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í grenndarsamfélaginu og mat á þörf á túlkaþjónustu.

Þessi atriði eru sett fram til þess að skólar kynni sér bakgrunn tvítýngdra nemenda sem hugsanlega gætu stundað nám við skólana. Ennfremur gefur Aðalnámskrá grunnskólanna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013) upp atriði sem skólar þurfa að hafa í einstaklingsáætlun svo sem:

- Markmið í íslensku sem öðru tungumáli
- Orðaforði
- Tal, hlustun/skilningur, lestur
- Ritun
- Læsi
- Gagnrýnin hugsun
- Menningarfærni
- Félagssleg aðlögun

Samkvæmt handbók Reykjavíkurborgar (2008) um móttöku innflytjenda ber skólustjóri hvers skóla ábyrgð á innritun og móttöku nemenda. Þá er samt sem áður mikilvægt að allir starfsmenn þekki til og geti leitað sér gagnlegra upplýsinga um það hvað þarf til að stuðla að góðri móttöku og farsælli skólabyrjun allra nemenda ekki síst þeirra sem eru að koma nýir til landsins og hefja skólagöngu í skólaumhverfi sem þeir þekkja ekki.

Í handbókinni kemur fram að nú séu margir skólar án aðgreiningar og því spurning hvort sérstök áætlun fyrir tvítyngda þurfi að vera til staðar þar sem það gæti ýtt undir mismunun, en það er hinsvegar stefna skólanefnda í flestöllum sveitarfélögum að stuðla sérstaklega að því að tekið sé vel á móti þessum nemendum. Bakgrunnur innflytjendabarna er margvíslegur og þau koma frá mörgum og ólíkum menningarsvæðum og hafa þarf í huga að einstaklingsmunur er mikill rétt eins og meðal íslenskra barna. Þessir nemendur eiga það sameiginlegt að vera byrjendur í íslensku. Þeir þurfa jafnframt að tileinka sér nýja samskiptafærni og læsi á íslenska menningu. Í grunnskólum, þar sem tekið er á móti tvítyngdum nemendum er mikilvægt að viðhorf starfsmanna til fjölmenningar sé jákvætt. Einnig þarf að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi starfsmanna og nemenda á bakgrunni þessara nemenda. Allar upplýsingar um námið og skipulag skólastarfsins þurfa að vera aðgengilegar og auðlesnar fyrir alla foreldra svo þeir geti eftir bestu getu fylgst með námi barna sinna. Áhrif og áhugi foreldra getur skipt sköpum þegar kemur að skólastarfi barnanna.

Í handbókinni kemur einnig fram að ekki megi gleyma mikilvægi gagnkvæms aðlögunarferils nýju nemendanna og þeirra sem fyrir eru ásamt fjölmenningsfræðslu til allra í skólasamfélaginu. En gagnkvæmt aðlögunarferli felur í sér aðlögun tvítyngdu nemendanna í nýjum skóla og aðlögun þeirra sem fyrir eru á þeirri fjölmenningu sem tilkomin er. Þá segir einnig að mikilvægt sé að hafa í huga 29. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem segir að menntun allra barna skuli miða að því að móta virðingu fyrir foreldrum barnsins, menningararfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá og fyrir öðrum menningarþáttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs (Handbók Reykjavíkurborgar um móttöku innflytjenda, 2008, bls. 4).

Í handbókinni (2008) er einnig settur fram gátlisti vegna móttöku tvítyngdra nemenda sem eru að hefja skólagöngu sína hér á landi. Á gátlistanum sem er aðgengilegur öllum kemur fram hvernig æskilegast sé að taka á móti nemendum með annað mál en íslensku. Gátlistinn er settur fram svona:

### *1. Fyrsta heimsókn í skólann*

- Undanfari innritunar.
- Dvalarleyfi.
- Kennitala.
- Tryggingar.
- Heilbrigðisvottorð.
- Lækna- og hjúkrunarmóttaka fyrir ósjúkratryggða einstaklinga.

### *2. Forvinna skólans fyrir móttökuvíðtal*

- Undirbúningur fyrir starfsmenn skólans.
- Ákveðið hverjir taka þátt í móttöku nemanda.
- Ákveðið hvaða upplýsinga skuli óskað um nemandann.
- Ákveðið hvaða upplýsingar eru veittar foreldrum og nemanda.
- Gögnum fyrir viðtal safnað saman.
- Umsjónarkennari valinn og honum veittar upplýsingar um nemandann.
- Gerð drög að skipan náms fyrir nemandann.
- Umsjónarkennari, eða sá starfsmaður sem skólinn hefur valið til þess, veitir samstarfsmönnum sínum upplýsingar um komu nýja nemandans.
- Bekkur nemandans undirbúinn.
- Foreldrum í viðkomandi bekk tilkynnt um komu nýja nemandans.
- Ákveðið hver á að sjá um leiðsögn um skólann fyrir nemanda og foreldra hans.
- Túlkur pantaður ef við á.
- Viðkomandi starfsmenn boðaðir í móttökuvíðtalið.

### *3. Móttökuvíðtal*

- Farið yfir innritunarblað og upplýsinga aflað um nemandann.
- Gögn frá skólanum kynnt og afhent.
- Helstu starfshættir og reglur skólans kynntar.
- Rætt um samstarf heimilis og skóla.
- Fræðsla um frístund og tómstundastarf.
- Valgreinar eldri nemenda kynntar og rætt um áhugasvið nemanda
- Rætt um sundkennslu, þar sem margir erlendir nemendur reynast ósyndir
- Fjallað um menningarlegan stuðning.
- Leiðsögn um skólann og til bekkjarins.
- Fyrsti skóladagur staðfestur og næsti fundur ákveðinn.

#### *4. Fyrstu skrefin í skólanum*

- Undirbúningur og móttaka í bekknum.
- Hlutverk umsjónarkennara.
- Stöðumat og íslenskukennsla.

#### *5. Áframhaldandi samstarf við nemanda og foreldra*

- Stöðufundur boðaður.
- Samstarf heimilis og skóla.
- Foreldrafundur/samráðsfundir.

Meginmarkmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er að öll börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi, þ.e. öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku (Fríða B. Jónsdóttir, 2014, bls. 15).

### **2.3.2. Lög og reglugerðir**

Samkvæmt lögum og íslenskri menntastefnu, eiga skólar hérlandis að taka við öllum börnum og veita þeim menntun við hæfi og búa þau undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 og íslenskum grunnskólalögum er fjallað sérstaklega um tvítyngda nemendur og þeirra réttindi. Í 16. grein íslenskra grunnskólalaga er fjallað um nemendur með annað móðurmál en íslensku með tilliti til móttöku þessara nemenda og hvernig eigi að standa að henni. Þar kemur fram að skólar eiga að fylgja svokallaðri móttökuáætlun sem annaðhvort skólar eða sveitarfélög útfæra. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á að taka mið af bakgrunni, tungumálafærni og færni nemendanna á öðrum námssviðum. Það þarf að tryggja að nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Tekið er fram í lögnum að nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli. Með því er stefnt að því að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013.). (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Með reglugerðarbreytingu nr. 585/2010 var eftirfarandi bætt við 16. gr. laganna um móttökuáætlun varðandi nemendur með sérþarfir í grunnskóla: Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Samkvæmt breytingu skal slík áætlun meðal annars gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Þá kemur fram að tilgreina skuli áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tólmstundastarfi skólans (Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð nr. 584/2010).



### 3 Rannsókn

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um skipulag og framkvæmd rannsóknarinnar. Farið verður yfir þá aðferðafræði sem rannsóknin byggir á og einnig verður fjallað um þá aðferð sem rannsakandi notaðist við, við gagnaöflun. Því næst er fjallað um hvernig rannsakandi stóð að vali á viðmælendunum fyrir rannsóknina ásamt stuttri lýsingu á viðmælendunum/skólum. Í lok kaflans er síðan farið yfir hvernig unnið var að greiningu gagnanna og þá siðferðislegu þætti sem tengjast rannsókninni.

#### 3.1 Eigindleg aðferðafræði

Í rannsókninni var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir við bæði gagnasöfnun og úrvinnslu gagna. Hugmyndafræðin bakvið þá aðferðafræði er að rannsakendur geti sett sig í spor viðmælenda sinna, geti rætt við þá í eigin persónu og fylgst með þeim í þeirra náttúrulega umhverfi og aðstæðum. Hlutverk rannsakanda í eigindlegri aðferðafræði byggir á þeirri túlkunarfræði að túlka þann veruleika sem skoðaður er hverju sinni.

Í eigindlegri aðferðafræði er reynt að skilja hvað fólk túlkar sem rangt eða rétt í ákveðnum aðstæðum fremur en að greina orsök og afleiðingu á því sem er rannsakað. (Lichtman 2013, bls. 17-20). Í eigindlegum rannsóknum eru flestir að leita að því að finna skýringar og svör og reyna lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum. Þessar rannsóknaraðferðir eru persónulegri og leita frekar að því að varpa skilning eða ljósi á tiltekið efni frekar en að geta spáð fyrir um tiltekna efnið. Rannsakandinn fæ líka góðan tíma til að vinna með gögnin, lifa með þeim og greina þau þegar hann notast við eigindlegar rannsóknir. (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 239).

Rannsakandinn gegnir lykilhlutverki þegar kemur til túlkunar á gögnunum. Í allri gagnaöfluninni stýrir rannsakandinn hvaða gögnum á að safna hverju sinni og stýrir algjörlega ferðinni. Rannsakandi sér og heyrir allar upplýsingar og verða því fyrir áhrifum af hans skoðunum og reynslu. Því reynir eigindleg aðferðafræði mjög á hlutleysi rannsakenda. (Lichtman, 2013, bls. 21). Með eigindlegum rannsóknum er rannsakandi að afla upplýsinga um það hvernig fólk túlkar aðstæður sínar og umhverfi. Fylgst er með fólki í daglegu umhverfi þess

og tekin eru viðtöl þar sem spurningar og svör eru á óstöðluðu formi og reynt er að fá viðmælanda til að lýsa reynslu sinni og upplifun. Í þessari rannsókn notaðist rannsakandi því við eigindlegar rannsóknir vegna þess að leitast var eftir að heyra um reynslu og upplifun mismunandi einstaklinga.

### 3.2 Viðtöl

Þegar tekin eru einstaklingsviðtöl þá á rannsakandi í samtölum við þáttakendur sína. Rannsakandinn stýrir þó samtalinu, áherslum og framvindu þess þrátt fyrir að þetta eigi að vera samtal milli tveggja. Einstaklingsviðtölum má því líkja við samtöl sem hafa ákveðinn tilgang og ákveðið markmið. Viðtölin geta farið frá því að vera fullkomnlega stöðluð yfir í það að vera algjörlega opin og rammalaus. Viðtölin hafa þó öll það markmið að fá upplýsingar hjá viðmælanda um innihald rannsóknarinnar, þannig þrátt fyrir mismunandi uppbyggingu hafa þau sama takmark. (Lichtman, 2013, bls. 189).

Í rannsókninni var notaðist rannsakandi við hálfstöðluð eða hálfopin viðtöl. Þegar gögnum er aflað með hálfopnum viðtölum fá allir viðmælendur sömu spurningarnar. Spurningarnar þurfa þó ekki að vera í sömu röð og ræður rannsakandinn hvaða spurningar hver viðmælandi fær, þannig getur hann hafað framvindu viðtalsins eftir svörum viðmælanda. Til þess að tryggja að sömu upplýsingum væri safnað frá öllum viðmælendum var ákveðið að nota þessa rannsóknaraðferð, þá er einnig minni hættu á því að spurningar gleymdust. (Lichtman, 2013, bls. 191).

Rannsakandi taldi eigindlega aðferðafræði með einstaklingsviðtölum góða leið til þess að fá innsýn inn í það hvernig skólarnir fjórir tóku á móti nemendum með annað mál en íslensku að móðurmáli, og hvernig stefna þeirra væri varðandi móttöku tvítýngdra. Á meðan að á rannsókninni stóð notaðist rannsakandi við viðtöl og dagbókarskrif til gagnasöfnunar. Samkvæmt Helgu Jónsdóttur (2013) eru viðtöl mjög hentuf þegar að skoða á reynslu og skoðanir fólks á einhverju ákveðnu efni. Þá nefnir hún að viðtöl geti verið ein sterkasta leiðin til að fá svör við þeim rannsóknarspurningum sem rannsakandi setur fram í eigindlegum rannsóknum. (bls. 137).

Helga (2013) talar einnig um að í sömu rannsókninni geta viðtölin orðið misjöfn milli einstaklinga. Þegar unnið er með upplifanir fólks og skoðanir þess geta viðtölin þróast á misjafnan hátt og innihald þeirra jafnvel ekki næstum því það sama þrátt fyrir að viðfangsefnið sé það sama. Umfjöllunarefnið og innihald þess fær oft meiri dýpt og hægt er að ná fram misjöfnum og eins mörgum blæbrigðum og hægt er (bls. 143). Þá talar hún einnig um að hversu mörg viðtöl eru tekin ráðast oft af eðli rannsóknarviðfangsins og oft sé best að leyfa viðfangsefninu að þróast með rannsókninni. (bls. 148).

### 3.3 Undirbúningur og val á viðmælendum

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna skilyrði og tilhögun móttökuáætlana í grunnskólum á landinu, þá var kannað hvort skólarnir væru með móttökuáætlun og hvort og hvernig henni væri fylgt eftir. Áður en hafist var handa við gagnaöflun voru spurningar til að nota í einstaklingsviðtölunum samdar. Rannsakandi fór vel yfir aðferðafræðina og reyndi eftir bestu getu að halda spurningum opnum og skapa þægilegt og létt andrúmsloft fyrir viðtölin.

Í upphafi rannsóknarinnar var ákveðið að reyna að fá að minnsta kosti fimm skóla til að taka þátt og var markmiðið að ræða við skólastjóra og sérkennara í hverjum skóla fyrir sig. Í eigindlegri aðferðafræði er kafað djúpt í fáa þætti í stað þess að skoða yfirborð margra þátta. Í eigindlegum rannsóknum eru þátttakendur oft fáir þar sem markmiðið er að kafa dýpra fremur en að hafa margna. (Lichtman 2013, bls. 22). Það var ákveðið að skólarnir yrðu bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu en þó í hæfilegri fjarlægð frá heimabæ rannsakandi svo að hægt væri að keyra á milli fyrir viðtölin. Sendur var tölvupóstur til skólastjórnenda og sérkennara eða þess kennara sem sá um tvítyngdu nemendurna. Tölvupósturinn var sendur á alls 13 skóla til að auka líkur á fleiri viðbrögðum við fyrirspurninni. Ef ekkert svar hafði borist innan viku var send ítrekun, netföng viðmælenda voru sótt af heimasíðum grunnskólanna. Af þeim 13 skólum sem fengu póstinn samþykktu fjórir að taka þátt í rannsókninni. Rannsakandi fékk ýmist neikvæð eða engin svör frá hinum átta skólunum. Einn skólinn sendi svar með þeim upplýsingum að þau hefðu enga móttökuáætlun og reyndi rannsakandi að fá þau þá sérstaklega þar sem skóli með enga móttökuáætlun gæti verið áhugaverður í niðurstöðukafla

rannsóknarinnar. Þrátt fyrir ítrekanir hafnaði skólinn þátttöku en rannsakanda fannst afar áhugavert að skólinn skyldi ekki hafa móttökuáætlun fyrir tvítyngda né hafði skólinn tekið á móti tvítyngdum nemanda til sín. Í tölvupóstinum var greint frá tilgangi rannsóknarinnar og óskað eftir þátttöku skólans. Þeim var gerð grein fyrir að bæði skólinn og talsmenn skólans fengju dulnefni og að viðtalið myndi taka 20-30 mín. Skólastjórnendur bentu rannsakanda síðan á kennara sem hægt væri að ræða við um viðfangsefnið. Nöfnin á skólunum fjórum hér að neðan eru dulnefni sem rannsakandi gaf hverjum skóla.

### **3.3.1 Akraskóli**

Akraskóli er grunnskóli á landsbyggðinni, þar eru um það bil 600-700 nemendur. Akraskóli er heildstæður skóli sem notast við *Uppeldi til ábyrgðar* stefnuna og er skilgreindur sem skóli án aðgreiningar. Allmargir nemendur skólans hafa annað móðurmál en íslensku og á árunum 2007-2008 var mikið lagt upp úr móttöku tvítyngdra og íslenskunámi tvítyngdra, þar á meðal var komið á laggirnar nýbúadeild í skólanum. Eins og staðan er í dag er skólinn með móttökuáætlun en ekki neina formlega sjáanlega áætlun fyrir tvítyngda nemendur. Staða skólans hefur breyst þar sem ekki er eins mikið af tvítyngdum nemendum að koma í skólann beint frá heimalandinu eins og áður heldur fæðast hér en eiga foreldra af erlendum uppruna. Því hefur áætlunin mikið breyst og búið er að leggja niður nýbúadeildina.

Stefna skólans varðandi móttöku nýbúa og/eða tvítyngdra er að taka vel á móti þeim eins og öllum öðrum nemendum skólans og er markmið skólans að nemendur dafni vel í skólanum og nýti hæfileika sína í námi.

### **3.3.2 Bolaskóli**

Bolaskóli er grunnskóli á landsbyggðinni, þar sækja um 400 nemendur nám sitt. Bolaskóli er heildstæður skóli sem vinnur eftir svokallaðri *Lífsleiknistefnu*. Margir nemendur skólans eru tvítyngdir og líkt og í Akraskóla þá var nýbúadeild árið 2007-2008 þar sem fjöldi tvítyngdra kom

í skólann beint frá heimalandi sínu. Nýbúadeildin er ekki lengur starfræk og er móttökuáætlunin í endurvinnslu þar sem hún var, að sögn skólastjóra, orðin úrelt. Skólinn vinnur ekki eftir neinni sérstakri stefnu varðandi móttöku tvítyngdra heldur að taka eins á móti öllum nemendum.

### **3.3.3 Hellaskóli**

Hellaskóli er grunnskóli á landsbyggðinni og eru um það bil 90-100 nemendur í skólanum. Stefna skólans byggir á skólastefnu sveitarfélagsins, lögum um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá. Stefna skólans er samin af starfsmönnum hans og samþykkt af fræðslu- og skólanefnd. Stefnan byggir á samvinnu, metnaði, vellíðan nemenda og starfsfólks og virðingu. Í skólanum er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur en engin sérstök áætlun fyrir tvítyngda en reynt er að fá nemendur úr bekknum til að fylgja viðkomandi nemanda um skólann. Yfirleitt er fólki bent á heimasíður þar sem hægt er að skoða námsefni á fleiri tungumálum en íslensku og reynir skólinn að fara eftir móttökuáætlun fyrir tvítyngda nemendur frá öðrum skóla á höfuðborgarsvæðinu sem er aðgengileg öllum. Stefnan varðandi móttöku tvítyngdra er að taka vel á móti þeim, en að sögn sérkennara skólans mætti gera betur bæði í móttöku og íslenskukennslu nemenda. Tvítyngdir nemendur fá smá auka sérkennslu í íslensku en að sögn skólans mætti bæta um betur, einnig er boðið upp á túlkapjónustu til að reyna að tryggja að allir foreldrar geti fylgst með skólagöngu barnsins síns.

### **3.3.4 Káraskóli**

Káraskóli er grunnskóli á höfuðborgarsvæðinu og er stefna hans virðing, samvinna og metnaður. Starfið í skólanum á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og metnaði hvers einstaklings til að gera sitt besta. Skólinn er með móttökuáætlun fyrir tvítyngda nemendur og er sú áætlun aðgengileg öllum á heimasíðu skólans. Móttökuáætlun skólans byggir á handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur

(2008). Káraskóli studdist við handbókina þegar gerð var móttökuáætlun og þá aðallega við spurningalistann sem er aftast í bókinni (sjá viðhengi 1).

### 3.4 Öflun gagna og gagnagreining

Viðtölin fóru fram á tímabilinu 20. janúar 2018 til 13. mars 2018. Haft var samband við viðmælendur í gegnum tölvupóst og þeir beðnir um að nefna tíma sem hentaði þeim best. Viðtölin fóru ýmist fram í kennslustofum, fundarherbergjum, námsveri eða skólastofu, öll í þeim skólum sem rannsakað var. Fjórir skólar af 13 svöruðu játandi um að vilja taka þátt og í öllum skólunum fjórum voru móttökuáætlanir þó misjafnar og misgamlar.

Í viðtölunum var lögð áhersla á að andrúmsloftið væri afslappað og að viðmælendum liði vel á meðan á viðtalinu stóð. Áður en viðtalið hófst var rætt aðeins um daginn og veginn til að kynna viðmælandanum aðeins og til að brjóta ísinn. Viðtölin voru allt frá 20 til 30 mínútur en í tölvupósti með upplýsingum um rannsóknina voru viðmælendur beðnir um að gera ráð við 30 mínútum í viðtalið. Allir viðmælendur höfðu gert ráð fyrir rúmum tíma svo enginn af þeim lenti í tímaþröng og viðtalið varð þar af leiðandi afslappaðra.

Viðtölin voru öll hljóðrituð með munnlegu samþykki viðmælanda og þeim gerð grein fyrir að bæði skólinn og þau sjálf fengju dulnefni og að fyllsta trúnaðar yrði gætt. Að viðtölunum loknum voru þau síðan afrituð í tölvu. Rannsakandi hlustaði á hvert viðtal tvisvar, í fyrra skiptið voru orð viðmælanda og rannsakanda skráð með nákvæmum hætti og í seinna skiptið var hlustað á upptökuna og orð viðmælanda og rannsakanda lesin um leið. Með þessum hætti var hægt að tryggja að öll gögn væru rétt skráð og gafst rannsakanda gott tækifæri til að finna kóða og þemu í rannsókninni. Eftir að öll viðtölin höfðu verið skráð í tölvu var upptökunum eytt.

Eftir að viðtölin höfðu verið nákvæmlega skráð niður gat rannsakandi auðveldlega lesið yfir viðtölin aftur til að skrá hjá sér þau svör sem tengdust rannsóknarspurningunni beint og fundið þætti í svörum viðmælanda sem hægt var að flokka og greina í þemu. Þrjú megin þemu fundust við greiningu gagnanna en þau voru; Móttaka tvítyngdra, íslenskukennsla og breytingar og bætingar á móttökuáætlun skólanna.

### 3.5 Siðferðislegir þættir

Í öllum rannsóknum er siðferði stór og mikilvægur þáttur. Sigurður Kristinsson bendir á þegar unnið er með upplýsingar um þátttakendur í rannsókn þurfa þátttakendur að hafa gefið leyfi fyrir því að niðurstöður séu birtar. Þá segir hann að gerður sé greinarmunur á viðkvæmum persónulegum upplýsingum og almennum upplýsingum í íslenskum lögum. (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 166). Einnig fjallar hann um að tilfinningar séu stórt og mikilvægt hlutverk þegar unnið er með eigindlegar rannsóknir og því þurfi rannsakandi að gera sér grein fyrir. Þeir sem velja að taka þátt í eigindlegri rannsókn hafa rétt til þess að fá að vita allt um rannsóknina, sem dæmi hvernig upplýsingarnar verða birtar og hvað er hans hlutverk sem þátttakandi. Viðmælandi í rannsókninni hefur einnig rétt á að sjá og lesa drög að rannsókninni og hefur þar með möguleika á að svara ekki því sem hann vill ekki að birtist í rannsókninni. (Sigurður Kristinsson, 2003, 172). Þegar kemur að eigindlegum rannsóknum er traust afar mikilvægt og þarf rannsakandi að hafa það í huga ásamt því að bera ábyrgð á því sem fram kemur í viðtalinu og úrvinnslu gagna.

Þegar um eigindlegar rannsóknir er að ræða er mikilvægt að hugað sé að siðferðislegum þáttum. Öllum viðmælendum í rannsókninni var gerð grein fyrir því bæði í tölvupósti og munnlega að fyllsta trúnaði yrði gætt og þátttakendur og skólar þeirra fengju dulnefni svo ekki væri hægt að rekja svör viðmælenda með neinum hætti. Munnlegt samþykki var gefið í öllum viðtölum um að taka mætti þau upp. Viðmælendum var einnig gerð grein fyrir að þeir gætu sleppt því að svara spurningum og heimilt væri að stöðva upptöku hvenær sem er. Enginn þátttakandi neitaði að svara spurningum né bað um að upptaka yrði stöðvuð.

Þegar rannsakandi hafði safnað gögnunum var þess gætt að þau kæmust aldrei í hendur annarra og hljóðupptökum eytt jafnóðum og þær höfðu verið afritaðar í tölvu. Gætt var sérstaklega að því að svör viðmælenda væru ekki rekjanleg til skólanna né þeirra. Í

rannsókninni var ekki safnað viðkvæmum persónuupplýsingum og enginn viðmælenda barn að aldri og því var talið óþarfi að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar.



## 4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar, kaflinn skiptist í þrjá undirkafla sem komu út frá þremur megin þemum; Móttaka tvítyngdra, Kennsla tvítyngdra og breytingar á áætlun skólanna. Í lok hvers kafla verða niðurstöður dregnar saman.

### 4.1 Móttaka tvítyngdra nemenda

Móttökuáætlanir skólanna fimm voru misgamlar og mjög misjafnar. Káraskóli var eini skólinn sem hafði formlega, markvissa áætlun þar sem listað hafði verið niður ákveðið verkferli sem átti sér stað í hvert skipti sem nýr tvítyngdur nemandi kom í skólann. Í þeim skóla var verkferlið byggt á handbók Reykjavíkurborgar um móttöku innflytjenda (sjá viðhengi). Áætlunin var aðgengileg öllum á heimasíðu skólans en aðeins til á íslensku.

Verkferlið byrjar á að skólastjórn ákveður hverjir eigi að taka þátt í móttöku nemenda, en oftast er það deildarstjóri, skólastjóri og/eða umsjónarkennari. Fyrsta málið er að ganga úr skugga um að nemandi sé með skráða kennitölu svo hægt sé að skrá hann inn í skólakerfið. Því næst er viðtal með foreldrum, nemanda og túlk ef foreldrar óska eftir að hafa túlk með. Skólinn aflar sér síðan gagna um bakgrunn nemandans með hjálp frá spurningalista og eyðublöðum sem finna má í handbókinni (sjá viðhengi). Skólastjóra fannst hjálplegt að nota spurningalistann í handbókinni en vildi þó bæta við hann spurningum og taka úr honum spurningar sem ekki áttu við hverju sinni.

*„Mjög góðar spurningar í handbókinni en stundum þarf maður að skauta framhjá einhverjum hugsanlega vantar inn í þetta eitthvað við viljum gera þetta meira að okkar þar, þess vegna er áætlun okkar í endurskoðun.“*

Skólinn biður um að fá bólusetningaskírteini með nemendum ef það er til svo að skólahjúkrunarfræðingur eigi auðveldara með að skoða barnið. Einnig fyrir foreldra til að fá

upplýsingar um heilsufar og fylgjast með bólusetningum barnsins. Foreldrum er gerð grein fyrir því að öll börn ganga í gegnum þetta heilsufarsferli en ekki einungis þeirra börn.

Gengið er með foreldrum og nemanda í gegnum allan skólann og farið yfir hvar allt er staðsett í skólanum, nemandi fær síðan afhenta stundaskrá sem er bæði myndræn og venjuleg til að auðvelda skilning.

*„Allar stundaskrár eru myndrænar líka þá geta foreldrar skilið hvaða tími er hvenær þar sem þau fá eintak af stundaskránni. Farið er yfir allar skólareglurnar með bæði foreldrum og nemendum og sagt frá stundatöflunni.“*

Skólinn reynir eftir fremsta megni að tryggja gott upplýsingaflæði til foreldra og fá þau til að taka þátt í skólastarfinu, hvetja þau til að hafa samband ef það er eitthvað. Einnig leggur skólinn áherslu á að skilaboð sem eiga að fara til foreldra séu líka þýdd yfir á ensku svo að allir foreldrar geti fylgst með.

Þegar kemur síðan að fyrsta skóladeginum fær nemandinn vin í bekknum sem fylgir honum um skólann og í frímínútur yfir önnina. Misjafnt er eftir nemendum hversu langan tíma það tekur að aðlagast en að hafa vin úr bekknum hjálpar yfirleitt mjög mikið.

Í Akraskóla var til móttökuáætlun samkvæmt skólastjóra en er þó komin til ára sinna, hún var ekki aðgengileg öllum en var til á fleiri tungumálum en íslensku. Árið 2007 var sett á laggirnar nýbúadeild í skólanum vegna þess hversu margir tvítyngdir komu í einu inn í skólann. Áætlunin hefur lítið verið endurskoðuð síðan þá, ástæðan er líklegast sú að komum tvítyngdra í skólann hefur fækkað. Þarfirnar hafa breyst mikið og því er áætlunin í endurskoðun.

Stefna skólans varðandi móttöku tvítyngdra er að taka vel á móti þeim alveg eins og öllum nýjum nemendum sem koma í skólann. Markmið skólans er að geta stutt þau og að hæfileikar þeirra fái að dafna. Ekkert eitt ákveðið verkferli á sér stað heldur er reynt að láta nemendum líða vel og aðlagast vel. Skólinn reynir að læra af reynslunni og breyta og aðlaga móttöku betur ef ekki hefur tekist nægilega vel með fyrri nemendum.

*„Það sem bætist er reynsla þeirra sem á undan fóru, því að til dæmis erum við sem skóli að ræða núna, því að allar kannanir segja að nýbúar á Íslandi þeim er ekki að vegna vel, gríðarlega hátt brottfall og það kom skýrsla út bara núna í síðustu viku, þannig að nú erum við til dæmis að skoða sérstaklega fyrir börn úr okkar skóla; hvar eru þau? Við erum að reyna skrá niður því við höfum alveg einstakt tækifæri að fylgjast með þeim hvar þau er. Því miðað við PISA og miðað við þær tölur sem er verið að veifa framan í okkur þá er þetta alveg hræðilegar tölur, en það passar ekki við það sem við þykjumst vita. Þess vegna er bráðnauðsynlegt að endurskoða alltaf stefnuna og móttökuna miðað við það sem hefur gengið vel.“*

Yfirleitt tekur umsjónarkennari á móti nemendunum og hafa foreldrar færi á að fá túlk með í skólann og viðtöl ef þeir óska sérstaklega eftir því. Þegar nýbúadeildin var ennþá starfræk í skólanum var áætlunin mun formlegri. Þá var alltaf ákveðið verkferli sem átti sér stað og skólinn safnaði gögnum um nemandann sem hægt var að fletta í til að afla sér upplýsinga ef þess þurfti.

*„Það er ekki þessi formlega áætlun, það er ekki skrifað neitt um gamla skólann þeirra eða þú veist það er ekki þetta formlega. Við vorum alltaf með það þá gat ég alltaf flett upp og séð hvað hafði verið gert til dæmis hvaðan nemandinn kom, hvaða systkini hann á, hvað hann hefur verið lengi, hvort þau komu beint að utan. Þú veist ég gat alveg fylgst með þeim en það sjáum við ekki í dag heldur koma þau bara og það er náttúrulega reynt að kynnast þeim en það er ekki þessi skrif þú veist, það er ekkert formlegt.“*

Það er alltaf reynt að taka vel á móti öllum börnum sem koma í skólann en vantar markvissari áætlun.

Móttökuáætlun hjá Hellaskóla miðaðist einungis við nýja nemendur, ekki er gerð sérstaklega áætlun fyrir tvítyngda. Skólinn hefur haft móttökuna þannig að nýir nemendur fá svokallaðan skólavin sem sýnir skólann og fylgir nemanda alla önnina. Skólinn hefur ekki ennþá tekið á

móti tvítyngdum nemanda sem kemur beint frá heimalandinu og gæti það verið ástæða þess að ekki er sérstaklega til áætlun fyrir tvítyngda nemendur.

*„Sko það er náttúrulega móttökuáætlun fyrir bara nýja nemendur og það hefur bara átt líka við um tvítyngda þannig lagað. Það er ekki til svona sem er eingöngu fyrir tvítyngda, kannski höfum við líka bara látið það duga vegna smæðar skólans, en þyrftum að útfæra betur.“*

Samkvæmt sérkennara þyrfti að vera búið að gera formlega áætlun sérstaklega fyrir tvítyngda þó svo að skólinn fylgi alltaf sömu verkferlum þegar nýr nemandi kemur í skólann. Alltaf er tekið vel á móti nýjum nemanda og notar skólinn mikið tulkapjónustu þegar tvítyngdur nemandi kemur í skólann, þá heimsækir starfsfólk oft heimasíður hjá öðrum grunnskólum sem hafa aðgengilega móttökuáætlun og reyna að fylgja þeirri áætlun. Einnig er starfsfólk duglegt að benda foreldrum og nemendum á vefsíður þar sem hægt er að skoða námsefni á fleiri tungumálum en íslensku.

Bolaskóli hafði móttökuáætlun en líkt og í Akraskóla hafði hún verið lítið uppfærð síðan nýbúadeildin hafði verið í kringum 2007 og þarfnast því endurskoðunar. Áætlunin er einungis á íslensku og þar sem heimasíða skólans er í vinnslu þá er hún ekki aðgengileg öllum. Stefna skólans varðandi móttöku er að taka eins vel á móti nemendum og hægt er. Reynt er að taka eins á móti öllum börnum sem eru tvítyngd en það þyrfti að vera plagg með markvissari áætlun sem væri dregin upp þegar tvítyngdur nemandi kæmi í skólann.

## **4.2 Kennsla tvítyngdra**

Kennsla tvítyngdra barna fór mikið eftir því á hvaða aldri börnin voru þegar þau komu í skólann. Í Káraskóla er einn sérkennari sem hefur sérhæft sig í kennslu tvítyngdra barna og sér hún alfarið um íslenskukennslu þeirra. Oftast eru teknir hópar út úr bekknum en það fer eftir því hvar nemandinn kemur inn í skólann. Á yngsta stiginu er reynt að halda þeim í hópnum og

styðja þau innan bekkjarins. Þá eru þau oftast í lestri, lesskilningi, orðaforðavinnu og myndrænu efni. Á miðstiginu eru þau tekin úr tíma og þá er oft reynt að taka þau úr dönsku og efnið einfaldað. Í elstu bekkjunum eru oft teknir hópar saman úr tímum.

Í Káraskóla er ótrúlega mikill fjöldi af erlendum nemendum og stendur til að ráða annan íslenskukennara sem einnig sérhæfir sig í íslenskukennslu sem öðru máli til að sjá um tvítyngdu nemendurna. Skólastjóri hafði orð á því að hún sæi mikla fylgni milli þess að foreldrar læri íslensku og árangri nemenda. Aðspurð um jöfn tækifæri til náms talaði hún um að það færi allt eftir því hvenær börnin kæmu í skólann. Erfitt væri fyrir tvítyngdan nemanda að koma á unglíngastig og vera á sama stað og samnemendur ef þeir skilja ekki almennilega íslensku.

*„Sko já og nei, fer eftir því hvar þau eru stödd í íslenskunáminu. Auðvitað viljum við að það sé í boði fyrir þau alla og að við séum ekki að gera upp á milli en það er rosalega erfitt að vera í eðlisfræði í níunda bekk og skilja lítið í íslensku, þannig að tækifæri þeirra til til dæmis náms í eðlisfræði eru takmörkuð en þá er reynt að einfalda námsefnið og reynt að matreiða það fyrir þau svo þau skilji betur.“*

Þá talaði skólastjórinn um að mikilvægt að mæta hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur og vinna út frá því.

Í Akraskóla hafa þau alltaf lagt mikla áherslu á að börnin læri íslensku strax en fer kennslan algjörlega eftir því á hvaða stig barnið kemur inn í skólann, hvort það er yngsta, mið- eða unglíngastig. Á yngsta stiginu er mest lestur og myndrænt námsefni, reynt er að vinna með hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur hverju sinni. Þegar námsefnið fer síðan að þyngjast þá er reynt að aðstoða nemendur meira með hugtakaskilning til dæmis til að nota í náttúrufræði og samfélagsfræði og áherslan mest á lesskilning. Íslenskukennslan að mati sérkennslukennara gengur betur ef foreldrar eru viljugir að taka þátt í að læra íslensku og hafa áhuga á námi barna sinna og ef nemendur eru góðir í móðurmálinu gengur þeim betur að læra nýtt tungumál.

Þegar tvítyngdir nemendur koma á yngsta stigið fara þeir oft beint í sama efni og samnemendur en þeir nemendur sem koma seinna fara í efni sem þeir ráða við og oft reyna

kennarar að einfalda efnið til að nemendur nái grunninum. Sérkennarinn hafði sjálf búið til námsefni fyrir tvítyngda nemendur og notaðist mikið við efni frá Námsgagnastofnun. Reynt er að aðlaga námsefnið að nemendum og nauðsynlegt er að meta aðstæður hverju sinni.

Ef um byrjendur eða unga nemendur með annað mál en íslensku var að ræða er reynt að tala við þau eins mikið og hægt er, en einnig er farið í byrjendalæsi.

Allir kennarar eru meðvitaðir um hvar hver nemandi er staddur hverju sinni og alltaf reynt að vinna út frá því. Þegar nemendur eru komnir lengra í íslenskunni er farið að setja meiri kröfur á þá, meðal annars í málfræðikennslu og málnotkun. Nemendur í unglíngadeildinni læra eitthvað af því tagi og hefur sérkennari látið þá útbúa bók um sjálfa sig, bæði á íslensku og á móðurmáli sínu. Í þeirri bók söfnuðu nemendur myndum bæði frá Íslandi og frá heimalandi sínu og áttu að skrifa stutta frásögn um hana, en sérkennarinn var með tilbúinn gátlista sem hún útbjó sjálf.

„Maður er alltaf með fjölbreyttan hóp af nemendum þó svo að þau hafi öll sama þjóðerni, maður reynir bara að aðlaga efnið að þeirra hæfni.“

Sérkennari og skólastjóri voru bæði á því máli að það væru margir þættir sem hefðu áhrif á það hvort tvítyngdir nemendur hefðu sömu tækifæri til náms og íslenskir nemendur. Þar á meðal nefndu þau áhrif foreldra á námið og á hvaða aldri nemendur kæmu inn í skólann. Einnig nefndu þau þætti eins og tómsundur og íþróttir sem geta haft mikil áhrif á félagslíf og vellíðan í skólanum.

*„Fer eftir svo miklu hvort þau fái sömu tækifæri til náms og íslensku börnin en við verðum að passa upp á tómsundur og íþróttir. Ef foreldrar hafa ekki áhuga á neinu og finnst dýrt að senda þau í íþróttir eða tómsundur verðum við að passa að þau hafi möguleika á að fara í tómsundur og íþróttir því það styrki félagslífið og hefur áhrif á líðan barna. Ef börnunum líður vel í skólanum eru þau líklegri til að leggja meira á sig gagnvart náminu.“*

Í Bolaskóla er misjafnt hvernig kennslu er háttað, á yngsta stiginu er byrjendalæsi og því eru börnin ekki mikið í íslensku sérstaklega þar sem byrjendalæsi byggir mikið á orðaforða. Nemendur fá mikið af kennslu inn í tíma á yngsta stiginu og reynt er að halda þeim inni í hópnum. Í eldri bekkjunum eru oftast lotur þar sem nokkrir eru teknir út úr bekknum í hópum af sérkennara, þau fá ákveðinn tíma með sérkennara og reynt að taka þau þá út úr íslenskutímum hjá bekknum.

Sérkennarinn í Bolaskóla hitti tvítýngda nemendur u.þ.b. einu sinni í viku og notar þá mikið námsefni sem nemendur geta tengt við þá sjálfa og raunveruleikann, umhverfið þeirra, matinn sem þeir borða, skólann og slíkt af þessu tagi.

Hjá yngri tvítýngdum nemendum og/eða algjörum byrjendum á tungumálinu er farið mikið yfir húsdýrin og þess háttar en með eldri nemendur fer sérkennarinn meira yfir menninguna okkar, sem dæmi má nefna þorrann og heimabæinn bæði á Íslandi og heimalandinu.

Þá talaði hún líkt og hinir viðmælendurnir um að meta þyrfti aðstæður hverju sinni. Þegar kemur að námsefni þá segist hún notast mikið við efni frá Námsgagnastofnun og þar á meðal *Adventure Island and English words* eða *Orðasjóður (2008) -myndaspjöld námsefni til málörvunar* sem snýst um það að dregin eru spjöld upp úr kassa og á hverju spjaldi er mynd af einhverju ákveðnu eins og líkamshluta eða veðri. Frá Námsgagnastofnun notar hún líka *Leik að íslenskum orðum*, *Orðakistur Krillu* og *Leiðin til læsis*. Hún notar einnig *Orðagull* fyrir þá sem eru lengra komnir, en *Orðagull* er málörvunarforrit fyrir spjaldtölvur sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu.

Bæði sérkennari og skólustjóri voru sammála um að þetta væri flókið ferli og kennari sem tekur að sér að kenna nýbúum væri oft lengi að átta sig á hverjum og einum nemanda og það tæki alltaf dágóðan tíma að kynnast þeim og þeirra hæfni til náms. Tvítýngdu nemendum gengur misvel í náminu en alltaf er reynt að koma til móts við þá þar sem þeir eru staddir og líkt í hinum skólunum þá er oft um einfaldað efni sem samnemendur eru í að ræða.

Viðmælendur í Hellaskóla voru á því máli að bæta þyrfti íslenskukennslu og leggja meiri áherslu á hana í yngstu bekkjunum. Mikilvægt væri að vanda sig í þessum málum. Tvítýngdir nemendur hafa oft fengið auka íslenskukennslu en þau sem eru komin vel á veg eru ekki í auka kennslu og er fljótlega sleppt af þeim takinu, hinir sem eru slakari lenda meira inn í sérkennslu. Viðmælandi nefndi þá að sérkennsla væri ekki beint staður sem þessir nemendur ættu að vera á en vegna smæðar skólans þá lentu þeir oftast þar.

*„Já tökum auðvitað vel á móti þeim, en eina sem er hægt að bjóða þeim er smá auka íslenska og fer námið hjá þeim inn á sérkennsluna aðeins sem það ætti náttúrulega ekki að gera, svo við þurfum að bæta verulega úr því.“*

Íslenskukennslan er mikið orðaforðavinna og málörvun, nemendur eru teknir út úr tíma í litlum hópum og þá fá þeir meiri tíma og ítrekun á námsefninu. Sérkennari reynir að nýta sér síðu Námsgagnastofnunar fyrir námsefni og er dugleg að benda foreldrum á síður þar sem má finna námsefni á öðrum tungumálum en íslensku. Annars fer íslenskukennslan mikið eftir þörfum nemenda og lenda tvítyngdir oft með börnum sem þurfa stuðning í náminu.

### **4.3 Breytingar á móttökuáætlun skólanna**

Allir viðmælendur í öllum skólunum fjórum voru sammála um að bæta eða breyta þyrfti móttökuáætlun þeirra fyrir tvítyngda nemendur. Misjafnt var eftir skólum hversu stórtækar breytingar eða bætingar áttu eftir að eiga sér stað en allir töldu nauðsynlegt að móttökuáætlun væri til staðar, væri markviss og alltaf tekið eins á móti nemendum sem kæmu í skólann.

Viðmælendur Akvaskóla töldu mikilvægt að áætlunin væri gerð aðgengileg öllum og að verkferlið þyrfti að kynna fyrir öllum kennurum.

*„Við þurfum að kynna þetta betur fyrir kennurum, við þurfum að fara á málstofu og ræða þessar breyttu aðstæður því að kennarar gera sér ekki grein fyrir hvar sumir af þessum nemendum standa, sérstaklega þeir sem eru slakir bæði í móðurmáli og íslensku. Við þurfum að rækta talmálið og gefa þeim tækifæri til að tala tungumálið alla daga. Þurfum að auka áreiti á talmálinu við þessi börn því mörg þeirra fá það ekki heima. Hversu mörg tvítyngd börn sitja út í horni og þegja?.“*



Að mati skólustjóra var mesta áherslan hjá honum að endurmeta stefnuna á faglegum rökum, hvað þarf að bæta? Sérkennarinn var á þeirri skoðun að setja þyrfti verkferli sem væri alltaf eins, formlegt markvisst plagg sem dregið yrði upp og gögnum safnað um nemanda sem væri að koma í skólann. Hvað varðar kennsluna þá nefndi hún að setja þyrfti svólítinn trukkk í að koma til móts við nemendur námslega eins fljótt og hægt er, oft eru önnur fög en íslensku látin sitja á hakanum til þess að koma íslenskunni betur að. Með því dragast nemendur aftur úr í öðrum greinum og eru þá ekki samferða samnemendum í þeim greinum sem þeir ættu að geta verið samferða þeim í ef skólinn hefði komið til móts við þá um einföldun á þeim efnum. Það getur skipt sköpum fyrir eldri nemendur að ná að fylgja samnemendum sínum að einhverju leyti til að hafa þá grunninn ef þeir vilja síðar meir sækja um framhaldsskóla.

Viðmælendur voru á svipuðu máli um hvað þyrfti að gera til að bæta stefnuna og sammála um að breytingarnar yrðu að gerast sem fyrst þar sem nauðsynlegt væri að tvítyngdir nemendur fengju faglega og góða móttöku.

Í Káraskóla voru ekki margar breytingar sem viðmælandi vildi gera á áætlun þeirra en vildi þó breyta aðeins spurningalistanum sem farið er yfir í fyrsta viðtali með nemanda og foreldrum eða forráðamönnum. Helsta breytingin sem yrði hjá þeim væri að endurskoða stefnuna, bæta við spurningum og taka úr þær sem eiga ekki við og hafa hana á fleiri tungumálum en íslensku. Skólustjóri hafði einnig reynt að sækja um styrk til þess að fá að bjóða foreldrum upp á íslenskukennslu með börnunum sínum svo að foreldrar jafnt sem börnin gætu náð betur tökum á tungumálinu og orðið meiri partur af samfélaginu. Þá nefndi hún að þetta gæti hjálpað börnum mikið að geta haft þennan möguleika í boði í móttökuáætlun þeirra. Viðmælandi var annars sáttur með stefnuna og þótti nauðsynlegt að allir skólar væru með móttökuáætlun af einhverju tagi fyrir tvítyngda nemendur.

*„Eitt af því sem er bara lögbundið er að hafa móttökuáætlun og er í rauninni bara algjörlega nauðsynlegt.. en ég tel algjörlega nauðsynlegt að vera með móttökuáætlun sem við förum alltaf eftir og er alltaf eins hjá öllum þeim erlendu nemendum sem koma inn í skólann þannig við gleymum ekki að spyrja um þetta og hitt sem gæti reynst nauðsynlegt.“*

Þær breytingar sem Bolaskóli vildi gera var fyrst og fremst að gera markvissa faglega móttökuáætlun sérstaklega ætlaða tvítyngdum nemendum.

*„Við þurfum að endurskoða stefnuna þannig að hún sé markviss og sé bara þannig plagg að hún sé dregin upp þegar kemur barn með erlent tungumál því að það er ekki núna, móttökuáætlunin er til en það er ekki verið að fara eftir henni nema kannski eitthvað smá í grunninn en til dæmis ef þú kemur á morgun með barn til okkar sem talar bara tyrknesku þá er hún ekki dregin upp, þannig hún er til en er lítið notuð.“*

Nú er reynt að taka vel á móti öllum nemendum en vantar allt þetta formlega ferli sem á að fylgja móttökuáætlunum tvítyngdra í grunnskóla. Líkt og í tveimur af hinum skólunum sem voru ekki með markvissa áætlun þá var áætlunin í endurskoðun og viðmælendur sammála um að ítreka þyrfti þessi formsatriði eins og viðtal með foreldrum, hafa spurningalista og eyðublöð líkt og er í Handbók Reykjavíkurborgar um móttöku innflytjenda (sjá viðhengi).

Viðmælendur Hellaskóla vildu móta meiri og betri verklagsreglur þegar kemur að því að taka á móti tvítyngdum nemendum. Marka áætlunina betur og hafa sérstaka áætlun fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en ekki einungis fyrir nýja nemendur almennt eins og staðan er hjá þeim í dag.

Þar sem skólinn hefur ekki ennþá fengið nemanda inn sem kemur beint frá heimalandinu eru þau ennþá að notast við áætlun ætlaða nýjum nemendum almennt. Þessu þarf að breyta samkvæmt viðmælanda og bjóða almennt upp á betri móttöku en hefur viðgengist.

## 4.4 Samantekt

Tilgangur þessarar ritgerðar var að leitast við að varpa ljósi á það hvernig staðið er að móttöku tvítýngdra nemenda í grunnskólum á Íslandi, hvort móttökuáætlunum skólanna sé fylgt eftir og hvernig.

Rannsóknin miðaði að því að beina sjónum að móttökuáætlunum tvítýngdra nemenda í fjórum grunnskólum á landinu. Kannaðar voru móttökuáætlanir í skólum bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Helsta markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort skólarnir hefðu móttökuáætlun og hvort og hvernig henni væri fylgt eftir. Niðurstöður rannsóknarinnar voru áhugaverðar og sýndu fram á að ekki væru allir skólarnir með formlega markvissa móttökuáætlun fyrir tvítýngda nemendur. Aðeins einn af skólunum fjórum var með formlega móttökuáætlun sem alltaf var fylgt eftir þegar tvítýngdur nemandi kom í skólann, hinir þrír höfðu ýmist nokkurs konar grunn að áætlun eða enga áætlun. Skólarnir þrír sem ekki höfðu formlega áætlun fyrir tvítýngda nemendur höfðu gamla móttökuáætlun sem oftast var ekki fylgt eftir heldur fóru sumir af þeim tvítýngdu nemendum sem komu í skólann beint inn í bekk án þess að fá móttökuvíðtal eða að bakgrunnur þess barns hafi verið skoðaður. Niðurstöður benda einnig til þess að þeir skólar sem ekki höfðu áætlun voru með sína áætlun í endurskoðun og að margt þyrfti að bæta svo hún yrði markviss og góð. Allir viðmælendur voru sammála um að breyta þyrfti móttökuáætlun þeirra og að nauðsynlegt væri fyrir skólana að vera með móttökuáætlun sérstaklega gerða fyrir tvítýngda nemendur sem væri alltaf dregin upp og notuð í hvert skipti sem nýr nemandi kæmi í skólann. Íslenskukennslan í þrem af fjórum skólunum fór fram á sérkennslu sviði. Í einum skólanum, þeim skóla sem hafði formlega móttökuáætlun fyrir tvítýngda nemendur, var sérhæfður kennari í íslensku sem öðru máli sem sá um kennslu þessara nemenda. Kennslan sjálf í öllum skólunum var þó svipuð að því leyttinu að reynt var að einfalda námsefnið og lögð áhersla á íslenskuna.

Niðurstöður sýndu einnig að viðmælendur voru sammála um að virkja þyrfti foreldra í skólastarfi barnanna. Skólinn getur komið til móts við foreldrana með því að hafa gott upplýsingaflæði og haft upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku. Stærsta áskorunin að mati viðmælenda var að ná til fjölskyldnanna og að ná til þeirra barna sem höfðu lítinn orðaforða á móðurmáli sínu og á íslensku.

Þá töluðu viðmælendur einnig um að kerfið mæti öllum eins og að stoðteymi skólans mæti öllum nemendum eins en móttakan hjá kennurum og skólastjórnendum yrði oft eins og færibandavinna og því þyrfti nauðsynlega að breyta. Margir þættir hafa áhrif á nemendur og taka þarf þá til greina þegar innrita á tvítyngdan nemanda inn í skólann, til að mynda þættir eins og fjölskylduaðstæður, ólíkir menningarheimar, vinir og fleira. Þessir nemendur fá ekki sömu tækifæri nema allir þættir séu teknir inn í myndina við móttöku í skólanum.

Þá sýndu niðurstöður einnig að mikilvægt væri að hafa tvítyngda nemendur ekki einangraða heldur passa upp á að þeir fái líka sinn tíma inni í bekknum. Félagslega hliðin er afar mikilvæg og hvetja þarf nemendurna til að taka þátt í öllum verkefnum og umræðum. Rækta þarf talmálið vel.

## 5 Umræða

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar, þær eru ræddar út frá þeirri fræðilegu umfjöllun úr köflum 1 og 2. Sérstaklega verður fjallað um þær niðurstöður sem vöktu athygli og áhuga rannsakanda. Umræðukaflinn skiptist síðan í þrjá undirkafla. Fyrsti kafli fjallar um móttöku tvítyngdra, annar kafli fjallar um íslenskukennslu og sá þriðji um þær breytingar og bætingar sem skólarnir vildu gera á móttökuáætlun sinni. Í lokin verður farið yfir kaflana og helstu styrkleika og veikleika rannsóknarinnar.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna skilyrði og tilhögun móttökuáætlana í grunnskólum á landinu, en leitast var eftir því að vita hvort grunnskólarnir væru með móttökuáætlun og hvort og hvernig þeim væri fylgt eftir. Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við skólastjórnendur í fimm skólum og einn til tvo kennara sem sérhæfðu sig í málum tvítyngdra í skólanum.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru að allir skólarnir höfðu móttökuáætlun fyrir tvítyngda nemendur af einhverju tagi en misjafn var hversu ítarleg og formleg sú áætlun var og hvort henni var í rauninni fylgt almennilega eftir.

### 5.1 Móttaka tvítyngdra nemenda

Í þeim skólum sem rannsakandi skoðaði var móttaka tvítyngdra nemenda með mismunandi hætti og ekki var alltaf farið eftir þeirri móttökuáætlun sem var tiltæk í skólanum. Í íslenskum grunnskólalögum er kveðið á um að skólar eigi að fara eftir móttökuáætlun sem annað hvort skólar eða sveitarfélög útfæra þegar þeir taka á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í þeim skólum sem rannsakandi skoðaði voru ekki allstaðar formlegar móttökuáætlanir fyrir tvítyngda nemendur til staðar. Skólarnir fá móttökuáætlun sem sveitarfélagið hefur útbúið og aðlaga það að aðstæðum hjá sér jafnvel þótt að svo virðist sem þeir nýti sér það ekki allir. Aðeins einn skóli af þeim fjórum sem var rannsakaðir voru, voru með formlega móttökuáætlun sem alltaf var farið eftir og studdist við það sem grunnskólalögin kveða á um en það er að; Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á að taka mið af bakgrunni, tungumálafærni og færni nemendanna á

öðrum námsviðum.

Einnig kemur fram í grunnskólalögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008) að foreldrum tvítyngdra barna skulu á þeim tímamótum þar sem börnin byrja í skóla veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og að foreldrum með annað móðurmál en íslensku sé greint frá rétti þeirra til túlkþjónustu. Móttakan í þeim skólum sem rannsakað var samræmdest þessu að því leyti að allir skólarnir voru með túlkþjónustu og vildu hafa góð samskipti við foreldra þar sem viðmælendur voru allir á því máli að þátttaka foreldra í skólastarfi barnanna skipti sköpum. Einnig er talað um mikilvægi foreldrasamstarfs í grein Reykjavíkurborgar, *Heimurinn er hér* (2014) hér að ofan. Þá segir að foreldrar sem eiga rætur í ólíkri menningu geta átt það til að vera óruggir gagnvart íslenskri skólamenningu og námi barna sinna. Því er mikilvægt að skólar finni leiðir sem henta þörfum foreldra og hafi góð samskipti við þá. Túlkþjónusta getur þar komið sterk inn til að tryggja að upplýsingaflæði frá skólanum komist til skila til foreldranna og öfugt. Einnig er mikilvægt að skólinn stuðli að góðri aðlögun erlendra fjölskylda og tengi saman fjölskyldur nemenda. Þetta samræmist vel þeim niðurstöðum sem eru hér að ofan en þar töldu viðmælendur að upplýsingaflæði til foreldra og samstarf við heimilin væri mikilvægur hornsteinn í farsælli skólagöngu barnanna. Aðeins einn skólinn nefndi að skilaboð sem færu frá skólanum til foreldra væri send á bæði íslensku og á ensku til að auðvelda erlendum foreldrum að skilja.

Ásamt mikilvægi foreldrasamstarfs er móttakan sjálf bæði lögbundin og nauðsynleg. Samkvæmt handbók Reykjavíkurborgar um móttöku innflytjenda ber skólastjóri hvers skóla ábyrgð á innritun og móttöku nemenda. Þá er samt sem áður mikilvægt að allir starfsmenn þekki til og geti leitað sér gagnlegra upplýsinga um það hvað þarf til að stuðla að góðri móttöku og farsælli skólabyrjun allra nemenda ekki síst þeirra sem koma nýir til landsins og hefja skólagöngu í skólaumhverfi sem þeir þekkja ekki. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur fram að alls ekki allir skólarnir tóka mið af þessu og bæta þarf verulega upp á móttöku í nokkrum af þeim skólum sem tóku þátt ef þeir vilja ná þeim viðmiðum sem sett eru fram í grunnskólalögum (sjá viðhengi). Gera þarf markvissa móttökuáætlun sem fylgt er eftir í hvert skipti sem tvítyngdur nemandi kemur nýr í skólann, viðmælendur voru þó allir sammála þessu og sögðu að áætlun þeirra væri í endurskoðun vegna þessara vankannta.

## 5.2 Kennsla tvítyngdra

Samkvæmt Palmer og Martínez (2013) þarf að brýna sérstaklega þekkingu kennara þegar kemur að kennslu tvítyngdra til þess að þeir hafi næga þekkingu til að geta tekist á við þessar nýju áskoranir og hindrarnir sem fylgja máltöku nýs tungumáls, þannig ná þeir best að skapa árangursríkt námsumhverfi fyrir nemendur. Þá nefna þeir einnig að kennarar séu lykilaðilar þegar kemur að því að skapa tækifæri til náms, þeir stýra skólastofunni og verða að hafa sig alla við svo að tvítyngdir nemendur fái sömu námstækifæri og aðrir. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að mikið af þeim tvítyngdu nemendum í skólunum sem rannsakaðir voru, voru í sérkennslu og með nemendum sem þurftu auka stuðning. Viðmælendur voru allir sammála um að tvítyngdir ættu ekki beint heima í sérkennslu og mikilvægt væri að vanda vel til verka þegar kemur að kennslu þeirra. Í tveimur skólum af fjórum var kennari sem var sérhæfður í íslensku sem öðru mál og sá hann um tvítyngdu nemendurna í skólanum að mestu leyti.

Viðmælendur voru einnig sammála um að ekki mætti taka þessa nemendur of mikið út úr bekknum því mikilvægt væri að styrkja þá innan hópsins og leggja rækt við talmálið sem lærist hvað mest af samnemendum. Þetta samræmist því sem kemur fram í hjá Coelho (1998) en þar kemur fram að einn af ókostum við móttökudeildir er að nemendur missa af tækifærum til að læra málið í gegnum samskipti við bekkjarfélagana. Þess vegna er mikilvægt að skólar reyni að stuðla að eins miklum samskiptum við bekkjarfélagana og hægt er, til dæmis í íþróttum eða list- og verkgreinum eða tómstundum.

Allir viðmælendur rannsóknarinnar voru á sama máli að félagslíf hefði gríðarleg áhrif á líðan nemenda í skólanum og líðan í skólanum áhrif á námsárangur og námsframvindu. Allt helst þetta í hendur og því er mikilvægt, ásamt faglegri og góðri kennslu, að kennarar ýti undir að nemendur stundi tómstundir og íþróttir, að þeir eigi í góðum samskiptum við hvert annað og að þeir rækti talmálið. Ef nemendur taka ekki þátt í frístundastarfi að loknum skóladegi minnkar verulega sá tími sem þeir verja í íslensku málumhverfi þar sem flestir tvítyngdir nemendur tala annað mál en íslensku heima hjá sér. Viðmælendur hvetja því foreldra og reyna að stuðla að því sjálfir að tvítyngdir nemendur taki þátt í frístund, tómstund og/eða íþrótt að minnsta kosti hluta úr degi til þess að auka þann tíma sem börnin eru í íslensku málumhverfi.

Flestir nemendur með annað móðurmál en það sem ríkir í skólasamfélaginu og

tvítyngdir nemendur þurfa markvissa og vel skipulagða kennslu í öðru máli, þeir þurfa að fá kennslu sem tekur mið af stöðu þeirra í málinu en sem heldur þeim samt sem áður á sama hraða í náminu og jafnaldrar þeirra. Þetta er áherslumunurinn sem vantaði upp á hjá nokkrum af þeim skólum sem rannsóknin sneri að en til dæmis nefndi einn kennarinn að oft væru aðrar námsgreinar en íslenskan settar á hliðarlínuna til þess að leggja meiri rækt við íslensku en þá dragast nemendur aftur úr samnemendum sínum í hinum greinunum og hafa þar af leiðandi ekki sömu tækifæri til náms. Oftast er þó reynt að koma til móts við nemendur þar sem þau eru stödd hverju sinni í hverri námsgrein fyrir sig og reynt að einfalda efni sem samnemendur eru í eða það kennt á ensku svo tvítyngdir hafi þá að minnsta kosti grunninn af því námi sem á sér stað inni í bekk.

### **5.3 Breytingar á móttökuáætlun skólanna**

Sú breyting sem bar af í svörum hjá flestum viðmælendum var að móttökuáætlunin þyrfti að vera markvissari, ítarlegri, formlegri og alltaf notuð þegar nýr tvítyngdur nemandi kemur í skólann.

Í handbók Reykjavíkurborgar (2008) kemur fram að allar upplýsingar um námið og skipulag skólastarfsins þurfa að vera aðgengilegar og auðlesnar fyrir alla foreldra svo þeir geti eftir bestu getu fylgst með námi barna sinna. Áhrif og áhugi foreldra getur skipt sköpum þegar kemur að skólastarfi barnanna. Í handbókinni kemur einnig fram að ekki megi gleyma mikilvægi gagnkvæms aðlögunarferils nýju nemendanna og þeirra sem fyrir eru ásamt fjölmenningsfræðslu til allra í skólasamfélaginu. Móttökuáætlun skólanna var ekki aðgengileg öllum í þrem af fjórum skólum og aðeins í einum skóla sem viðmælandi lagði áherslu á að öll skilaboð til foreldra væru líka send á ensku til að reyna að tryggja að skilaboðin sem senda átti kæmust til skila. Þá þarf skólinn að ganga úr skugga um að foreldrar skilji ensku, en í þessum tiltekna skóla hafði það verið gert og ef foreldrar skilja ekki ensku er reynt að gera aðrar ráðstafanir með til dæmis túlkþjónustu. Einn viðmælandanna hafði orð á því að vilja hafa málstofu fyrir allt starfsfólk skólans um móttöku tvítyngdra og fjölmenningsakennslu, sem samræmist vel því sem stendur í handbókinni um að allt skólasamfélagið þurfi að hafa þekkingu á fjölmenningu.



Grunnskólalög (Lög um grunnskóla nr. 91/2008) kveða á um að móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á að taka mið af bakgrunni, tungumálafærni og færni nemendanna á öðrum námssviðum. Það þarf að tryggja að nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Þær breytingar sem flestir viðmælendur vildu bæta við móttökuáætlun hjá sér var að gera hana aðgengilegri, hafa hana á fleiri tungumálum en íslensku, gera hana markvissari og formlegri. Með markvissari áætlun nefndu viðmælendur að safna formlega upplýsingum og gögnum um nemanda sem byrjar í skólanum, meðal annars með viðtali.

#### **5.4 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar**

Styrkleikar rannsóknarinnar eru helst þeir að hún ýtir undir mikilvægi þess að skólar séu með formlega og markvissa móttökuáætlun sérstaklega fyrir tvítyngda nemendur. Einnig studdust niðurstöður rannsóknarinnar við þær rannsóknir sem fjölluðu um móttöku tvítyngdra, hvort sem skólarnir sem rannsakaðir voru fylgdu móttökuáætlun eða ekki þá sýndu fyrri rannsóknir fram á mikilvægi móttökuáætlana og allir skólarnir fylgdu einhverri áætlun. Styrkleika má einnig finna í notagildi rannsóknarinnar en niðurstöður hennar sýna fram á að margir skólar eru ekki með fullnægjandi móttökuáætlun og er þá hægt að nýta inntak rannsóknarinnar til að útbúa markvissa móttökuáætlun.

Veikleikar rannsóknarinnar eru helst smæð hennar, en þar sem rannsakandi studdist við eigindlegar rannsóknaraðferðir var takmarkað hvar á landinu hægt var að skoða skóla og hversu marga hægt væri að setja sig í samband við. Vegna þess hve fáir skólar tóku þátt í rannsókninni þá takmarkar það vægi hennar talsvert og erfitt er að fullyrða um heildarmynd móttökuáætlana í íslenskum grunnskólum út frá þessum grunni.

Áhugavert væri að gera samanburð á móttökuáætlunum fyrir tvítyngda í öllum grunnskólum landsins. Þá væri hægt að vinna með samanburð á landsvísu sem gæti komið að góðum notum fyrir skóla sem eru ekki eins vel að sér í móttöku tvítyngdra og aðrir sem væru með virkilega góða móttöku. Einnig væri hægt að nýta inntak rannsóknarinnar til að skoða hvort móttakan hefði áhrif á líðan nemanda eða hvort móttakan hefði áhrif á námsárangur nemenda.



## Niðurlag

Til eru margar leiðir að góðu tvítyngi barna og ávinningur þess margþættur, fram hefur komið hversu mikilvægt það er að skólar útbúi móttökuáætlun fyrir tvítyngd börn og að þeim finnist þau velkomin í skólann. Í skólanum fá nemendur tækifæri til að afla sér menntunar og fá tækifæri til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Tillit skal taka til þess að málkunnátta tvítyngdra dreifist á tvö tungumál og mæta þarf þessum nemendum með skilningi og koma til móts við þá þar sem þeir eru staddir í náminu.

Það hefur verið mjög áhugavert og lærdómsríkt að gera þessa rannsókn. Niðurstöður hennar varpa ljósi á skilyrði og tilhögun móttökuáætlana í fjórum grunnskólum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar vekja margar spurningar og áhugavert væri að gera áframhaldandi rannsóknir á efninu.

Ljóst er að fjölmargir þættir skipta máli þegar taka á á móti tvítyngdum nemanda í skólann. Að mati rannsakanda er mikilvægt að kennarar séu í stakk búnir til að bregðast við málum þeirra og kunni að leita sér upplýsinga um hvernig best sé að styðja við áframhaldandi málþroska og stuðla þannig að góðri aðlögun þeirra. Einnig þykir rannsakanda mikilvægt að nemandi og foreldrar og/eða forráðamenn fái móttökuvíðtal þar sem gagnaöflun um nemanda á sér stað. Gagnaöflun um nemanda getur reynst afar mikilvæg fyrir til dæmis kennara sem þarf að vita hvar nemandinn er staddur, félaglega, námslega og hvernig fjölskylduaðstæður eru. Það er afar mikilvægt að skólastjórnendur sérstaklega geri sér grein fyrir þessu og veiti kennurum ásamt öðru starfsfólki skólans stuðning. Fagþekking spilar því stórt hlutverk og mikilvægt að hafa í huga að leita ráða hjá því fagfólki sem hefur reynsluna á því að vinna með tvítyngdum nemendum. Rannsókn þessi hefur aukið skilning og áhuga rannsakanda á kennslu tvítyngdra nemenda og gefið aukna innsýn í þær áskoranir og viðfangsefni sem felast í að taka á móti og aðlaga tvítyngda nemendur. Þegar vinnan við rannsóknina hófst velti rannsakandi vel fyrir sér þeim þáttum sem þurftu að vera til staðar í skólum svo að tvítyngdir nemendur geti aðlagast sem mest að nýju málsamfélagi.

Sú þekking og reynsla sem ég aflaði mér við að vinna þetta verkefni mun nýtast mér vel í starfi sem kennari ásamt því að nýtast mér á hvaða sviði menntamála. Ég er reynslunni ríkari og hef viðað að mér miklu af nytsamlegu efni sem ég veit að mun gagnast mér í starfi. Einnig vona ég að niðurstöður rannsóknarinnar geti komið öðrum að gagni.



## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Baker, C. (2000). *Foundation of Bilingual Education and Bilingualism*. Clevedon: Multilingual Matters Ltd.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). Menntun tvítyngdra barna. *Málfregnir*, 10(19), 11-15.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2010). Skólar og fjölskyldur sem málsamfélag. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 315-333). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2008). Tvítyngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður*, 24(1), 17–23.
- Coelho, E. (1998). *Teaching and learning in multicultural schools*. Clevedon: Multilingual Matters.
- Coelho, E. (2012). *Language and learning in multilingual classrooms. A practical approach*. Bristol: Multilingual Matters.
- Cummins, Jim. 2003. *Bilingual Children's Mother Tongue Why Is It Important for Education?*
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Fjölskyldur í fjölmenningsarsamfélagi og samstarf skóla og heimila. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 315-333). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Esch-Harding, E. og Riley, P. (ritstjórar). (2003). *The bilingual family: A handbook for parents*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Reykjavíkurborg Skóla- og frístundasvið. (2014). *Heimurinn er hér: Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningsarlegt skóla- og frístundastarf*. Reykjavík: Höfundur.
- Hagstofa Íslands. (2016). *Rúmur fjórðungur grunnskólanemenda fær stuðning*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/skolahald-i-grunnskolum-2014-2015/>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útgáfa, bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ingibjörg Hafstað. (1997). *Milli menningarheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. London: SAGE publications.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Palmer, D. og Martínez, R. A. (2013). Teacher agency in bilingual spaces: A Fresh Look at Preparing Teachers to Educate Latina/o Bilingual Children. *Review of Research in Education*, 37, 269-297.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna) nr.18/1992.
- Sapon-Shevin, M. (2007). *Widening the circle: The power of inclusive classrooms*. Boston: Beacon Press.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161– 179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útgáfa, bls. 239–249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun. Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólútgáfan.
- Pórdís Gísladóttir. 2004. Hvað er tvítýngi? *Ritið*, 4(1), 143-157.

Viðhengi: [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/handbok.innfl\\_.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/handbok.innfl_.pdf)







